

**Iðnaðarráðuneyti og Umhverfissráðuneyti****Umsögn send gegnum vefsíðu rammaáætlunar.****Hveragerði 11. október 2011****Efni: Þingsályktunartillaga um áætlun um vernd og orkunýtingu, svæði 74 og 77.**

Eftirfarandi umsögn var samþykkt samhljóða af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þann 11. október 2011.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar tekur undir ályktun bæjarráðs Hveragerðisbæjar frá 1. september sl. þar sem bæjarráð fagnar framkominni þingsályktunartillögu um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Í ályktun bæjarráðs, sem samþykkt var samhljóða, er því fagnað að gert er ráð fyrir verndun Bitru og Grænsdals en Hvergerðingar hafa ásamt öllum samtökum sem láta sig náttúruvernd einhverju skipta á á landinu, barist fyrir verndun þessa svæðis allt frá því fyrsta hugmynd um virkjun á Bitru kom fram.

Með framlagðri þingsályktunartillögu er sérstaða þessa svæðis viðurkennd. Grænsdalur er á náttúruminjaskrá og í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands „Mat á verndargildi 18 háhitasvæða“ kemur fram að Grænsdalur eigi að njóta hámarks verndar enda svæðið með verndargildi á heimsvísu. Því er það mikil viðurkenning á sérstöðu svæðisins að í þingsályktunartillögunni skuli Grænsdalur ásamt Bitru tilheyra verndarflokki.

Sérstaða svæðisins felst í ómetanlegri náttúru og nálægðinni við þéttbýlið á suðvesturhorni landsins. Ósnortnum útivistarsvæðum í næsta nágrenni Reykjavíkur og nágrennis fækkar stöðugt og því verða þau sem eftir standa stöðugt verðmætari.

Með verndun Bitru og Grænsdals gefst ómetanlegt tækifæri til að mynda samfelld verndarsvæði sem gefur glögga mynd af jarðhita og náttúru á háhitasvæðum enda sýnir sífelld aukning ferðamanna á svæðinu að eftirspurn er eftir upplifun eins og þeirri sem þarna stendur til boða. Það er mikilvægt að haft sé í huga að valkostir þurfa að vera til staðar í ferðamennsku og hér gefst þeim sem stoppa skemur á landinu kostur á að upplifa ósnortna náttúru og jarðböð í örskotsfjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu.




HVERAGERÐISBÆR

Bæjarstjórn ítrekar þá skoðun bæjarráðs að mikilvægt er að allir standi þétt að baki þessari niðurstöðu. Virkjunarkostir eru nægir hér í nágrenninu þrátt fyrir að þetta svæði verði verndað. Í ljósi framlagðrar þingsályktunartillögu ættu orkuöflunarfyriretæki að horfa til staða þar sem samstaða er um að virkja en halda ekki áfram að berjast við vindmyllur í vonlausri baráttu um virkjanir á stöðum sem svo til allir hagsmunadilar eru sammála um að vernda. Slík umræða er einungis til þess fallin að hindra að sátt náist meðal þjóðarinnar um verndar- og nýtingaráætlun um fallvötn og jarðhita.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar fagnar því að íbúar Hveragerðisbæjar þurfa ekki að óttast virkjun á Bitru og/eða í Grænsdal. Bæjarstjórn hefur áður mótmælt orkuöflunar framkvæmdum í grennd við Hveragerði vegna þeirra áhrifa sem framkvæmdirnar geta haft á loftgæði í bæjarfélaginu. Í dag þurfa bæjarbúar því miður að búa við aukið magn brennisteinsvetnis frá virkjunum og holum í blæstri á Helligheiðar- og Hengilssvæðinu þar sem eigandi virkjana þar hefur enn ekki hafið hreinsun á blæstri frá virkjununum eins og lofað var. Vísindamenn hafa ekki getað útilokað að lágur en viðvarandi styrkur brennisteinsvetnis hafi neikvæð áhrif á heilsu og valdi sjúkdómum einkum í augum og öndunarvegi og sérstaklega hjá þeim sem eru veikir fyrir eins og börn, eldra fólk og aðilar með sjúkdóma í öndunarfærum. Í því ljósi er það skýlaus krafa bæjarstjórnar að losun brennisteinsvetnis verði ekki aukin í nágrenni bæjarfélagsins frá því sem nú er.

Með framlagðri tillögu til þingsályktunar um vernd og orkunýtingu landsvæða er reynt að sætta ólík sjónarmið um vernd og nýtingu landsvæða. Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar hvetur Alþingi til að samþykkja tillöguna svo að hefja megi nú þegar markvissa uppbyggingu í nýtingu orkuauðlinda á þeim svæðum sem sátt er um að nýta til slíks.

Virðingarfyllt
f. h. bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar


Aldís Hafsteinsdóttir
bæjarstjóri

